

Föstudaginn 29. september 1995.

Nr. 312/1995.

Glófaxi hf.

(Valgarð Briem hrl.)

gegn

Þrotabúi Ferðaskrifstofunnar Áfanga hf.

(Ólafur Axelsson hrl.)

Kærumál. Nauðungarsala. Úthlutun söluverðs. Lagaskil.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 13. september 1995, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 19. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 8. september 1995, þar sem staðfest var ákvörðun sýslumannsins í Hafnarfirði frá 10. apríl 1995 um að úthluta varnaraðila greiðslu af söluverði bifreiðarinnar RU 914 á undan sóknaraðila. Kæruheimild er í 79. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu. Sóknaraðili krefst þess, að fyrrgreindri ákvörðun verði hrundið og dæmt verði, að ekki skuli úthlutað af söluverðinu upp í kröfu varnaraðila. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðila.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

I.

Málsaðilar deila um úthlutun söluverðs áður nefndrar bifreiðar við nauðungarsölu, en eftir fyrirbyggjandi gögnum er hún af gerðinni Toyota Hilux, árgerð 1991. Samkvæmt frumvarpi sýslumanns til úthlutunar var bifreiðin seld við uppboð 25. febrúar 1995 fyrir 1.000.000 króna. Að greiddum sölulaunum, kostnaði af eigendaskiptum og lögveðskröfum stóðu eftir af söluverðinu 851.016 krónur. Þegar til kom, gerðu ekki aðrir en aðilar þessa máls tilkall til greiðslu af þeirri fjárhæð. Varnaraðili krafðist greiðslu á 428.926 krónum og byggði rétt sinn á fjárnámi, sem var gert í bifreiðinni 4. febrúar 1991 og þinglýst 18. sama mánaðar. Sóknaraðili krafðist að fá greiddar 1.602.498 krónur, en hann hafði fengið fjárnám í bif-

reiðinni 6. júlí 1994, og var því þinglýst 7. sama mánaðar. Samkvæmt frumvarpi sýslumanns til úthlutunar á varnaraðili að fá greiðslu af söluverðinu á undan sóknaraðila. Með ákvörðun 10. apríl 1995 hafnaði sýslumaður kröfu sóknaraðila um breytingu á frumvarpinu.

II.

Í 2. mgr. 50. gr. laga nr. 19/1887 um aðför var sett það skilyrði fyrir forgangsrétti samkvæmt fjárnámi í lausafjármunum gagnvart síðara fjárnámi, að fyrri fjárnámshafi kæmi fram nauðungaruppbóði eða fengi vörslur lausafjárins innan tólf vikna, frá því að fjárnámssgerð fyrir kröfu hans væri lokið. Sóknaraðili telur þetta lagaákvæði, sem gilti, þegar fjárnám var gert fyrir kröfu varnaraðila, leiða til þess, að varnaraðili hafi glatað forgangsrétti gagnvart sér, enda hafi hann hvorki komið fram sölu bifreiðarinnar né fengið hana úr vörslum gerðarþola.

III.

Lög nr. 19/1887 féllu úr gildi 1. júlí 1992 við gildistöku laga nr. 90/1989 um aðför. Í síðarnefndu lögunum er ekkert efnisákvæði samsvarandi 2. mgr. 50. gr. fyrrnefndu laganna, og hafa vörslur lausafjármuna nú ekki áhrif á rétthæð fjárnáms í þeim gagnvart öðru fjárnámi. Þess í stað er mælt fyrir um þá meginreglu í 60. gr. laga nr. 90/1989, að fjárnám í lausafjármunum falli niður, ef gerðarbeiðandi krefst ekki nauðungarsölu á grundvelli þess innan árs, frá því að það er gert. Þá segir í 61. gr. laga nr. 90/1989, að um nauðsyn tryggingarráðstafana fyrir rétti samkvæmt fjárnámi og stöðu þess gagnvart öðrum réttindum fari að öðru leyti eftir almennum reglum laga.

Í ákvæðum um tengsl eldri laga og yngri í 17. kafla laga nr. 90/1989 er ekki vikið sérstaklega að rétthæð fjárnáms, sem hefur verið gert í lausafjármunum fyrir 1. júlí 1992, ef frá er talið, að í 104. gr. laganna er tekið fram, að fyrrnefnd 60. gr. gildi ekki um slíkt fjárnám. Ber því í ljósi almennra lögskýringarreglna að líta svo á, að frá gildistöku laga nr. 90/1989 ráðist innbyrðis rétthæð fjárnámssgerða í lausafjármunum af þeim reglum, sem vísað er til í 61. gr. laganna. Gildir þetta einnig, að því er varðar stöðu fjárnáms, sem gert var fyrir 1. júlí 1992, gagnvart fjárnámi gerðu eftir það.

Fyrir 1. júlí 1992 hafði ekkert það gerst, sem gat eftir eldri lögum valdið því, að fjárnám varnaraðila yrði að þoka í rétthæð fyrir yngri réttindum yfir bifreiðinni RU 914. Þá hafði varnaraðili fyrir þetta tímamark þinglýst réttindum sínum. Þar með hafði hann gætt þeirra ráðstafana, sem vísað er til í 61. gr. laga nr. 90/1989 og þörf var á til að tryggja stöðu hans gagnvart þeim, sem öðluðust eftir þann tíma réttindi yfir bifreiðinni. Þar sem sóknaraðili fékk löngu síðar þinglýst réttindi yfir bifreiðinni, sem standa þannig þinglýstum réttindum varnaraðila að baki, ber varnaraðila réttur til fullnustu af andvirði hennar á undan sóknaraðila.

Samkvæmt þessu verður hinn kærði úrskurður staðfestur um annað en málskostnað, en rétt er að dæma sóknaraðila til að greiða varnaraðila málskostnað í héraði og kærumálskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn í einu lagi, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur um annað en málskostnað.

Sóknaraðili, Glófaxi hf., greiði varnaraðila, þrotabúi Ferðaskrifstofunnar Áfanga hf., samtals 100.000 krónur í málskostnað í héraði og kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 8. september 1995.

Mál þetta var tekið til úrskurðar í dag að loknum málflutningi. Sóknaraðili er Glófaxi hf., kt. 521264-0129, Ármúla 24, Reykjavík. Varnaraðili er þrotabúi Ferðaskrifstofunnar Áfanga hf., kt. 450286-1929.

Sóknaraðili krefst þess, „að ákvörðun sýslumannsins í Hafnarfirði, sem tekin var 10. apríl 1995, um úthlutun söluandvirðis bifreiðarinnar RU-914 verði hnekkð og dæmt verði, að ekki verði úthlutað af söluandvirði upp í fjárnámskröfu þrotabús Áfanga hf., varnaraðila máls þessa, og að varnaraðila verði gert að greiða sóknaraðila málskostnað að skaðlausu“.

Varnaraðili krefst þess, að kröfum sóknaraðila verði hafnað og ákvörðun sýslumanns í Hafnarfirði frá 10. apríl 1995 verði staðfest. Málskostnaðar er krafist.

I.

Ágreiningur aðila er um úthlutun söluandvirðis bifreiðar, sem seld var nauðungarsölu.

Málavextir eru þeir, að 25. febrúar 1995 var bifreiðin RU-914, Toyota Hi Lux, árg. 1990, seld nauðungarsölu að kröfu sóknaraðila, sem komið hafði fram vörslusviptingu á bifreiðinni. Bifreiðin var slegin sóknaraðila sem hæstbjóðanda á 1.000.000 kr.

Á bifreiðinni hvíldu eftirfarandi aðfarargerðir:

1. Lögtak Lífeyrissjóðs byggingarmanna, upphaflega að fjárhæð 558.001,78 kr., dags. 28. 1. 1991.
2. Fjárnám Ferðaskrifstofunnar Polaris hf. (nú Áfangar hf.), upphaflega 100.740 kr., dags. 4. 2. 1991.
3. Lögtak Lífeyrissjóðs byggingarmanna, upphaflega 159.291,04 kr., dags. 10. 4. 1991.
4. Lögtak Lífeyrissjóðs Hlífar og Framtíðarinnar, upphaflega 265.247,50 kr., dags. 11. 9. 1991.

Eftir uppboðsdag, en áður en frumvarp að úthlutunargerð hafði verið útbúið, var lögtökum á 1. og 4. veðrétti aflýst. Sýslumaður útbjó frumvarp að úthlutunargerð. Hann úthlutaði fyrst til haldsréttar og tveggja lögveða, samtals 96.584 kr., síðan til varnaraðila, 428.926 kr., þá til Lífeyrissjóðs byggingarmanna á 3. veðrétti, 380.000 kr. Eftir stóðu þá 42.090 kr., sem komu í hlut sóknaraðila.

Hinn 8. maí 1995 féll Lífeyrissjóður byggingarmanna frá kröfu í uppboðs- andvirði bifreiðarinnar, að fjárhæð 380.000 kr.

Sóknaraðili mótmælti 16. mars 1995 úthlutun til varnaraðila. Aðilar voru boðaðir á fund hjá sýslumanni 7. apríl s. á. til viðræðna, og 10. s. m. tók sýslumaður þá ákvörðun að taka ekki mótmæli sóknaraðila til greina og leggja frumvarpið óbreytt fram til grundvallar úthlutun.

II.

Sóknaraðili reisir kröfu sína á því, að fjárnám það, sem gert var 4. febrúar 1991 í nafni varnaraðila, hafi verið gert í gildistíð eldri aðfararlaga nr. 18/1887. Um þetta fjárnám og réttaráhrif þess gildi því ákvæði þeirra laga. Í 2. mgr. 50. gr. laga nr. 18/1887 sé skýrt kveðið á um, að fjárnám gert samkvæmt lögnum hafi forgang gagnvart síðari fjárnámum í 12 vikur, frá því að það var gert, og að fjárnámið víki að þeim tíma liðnum fyrir síðari fjárnámshafa, sem komi fram vörslusviptingu. Af þessu leiði, að fjárnám það, sem gert var af varnaraðila, hafi aðeins forgang fyrir síðari fjárnámshöfum í 12 vikur frá 4. febrúar 1991 að telja og víki síðan fyrir síðari fjárnámshafa í samræmi við reglu 2. mgr. 50. gr. laga nr. 18/1887, sem gildi um fjárnámið. Ný aðfararlög nr. 90/1989 hafi ekki breytt gildi fjárnáma, sem gerð voru í tíð eldri laga, hvað varðar reglu 2. mgr. 50. gr. laga nr. 18/1887 um tímabundin forgangsáhrif gagnvart síðari fjárnámshöfum.

Par sem sóknaraðili hafi komið fram vörslusviptingu á bifreiðinni, gangi fjárnám hans framfar fjárnámi varnaraðila í samræmi við reglu 2. mgr. 50. gr. laga nr. 18/1887.

Varnaraðili heldur því fram, að 104. gr. laga nr. 90/1989 um aðför standi gegn því, að fjárnám sóknaraðila hafi forgang gagnvart fjárnámi varnaraðila. Varnaraðili bendir á, að fjárnám sóknaraðila og umráðasvipting á grundvelli þess sé gert í gildistíð laga nr. 90/1989. Því beri að fara eftir yngri lögum. Af 104. gr. laga nr. 90/1989 megi ráða, að fjárnám, sem gerð voru í gildistíð eldri laga, skuli fara eftir yngri lögum.

III.

Við aðalmeðferð í dag féll sóknaraðili frá athugasemdum sínum um aðild og fyrirvar, og telst aðild því rétt varnar megin. Ágreiningur aðila stendur nú einvörðungu um, hvort sóknaraðili eigi betri rétt, vegna þess að hann náði fram vörslusviptingu, og var málið flutt um það atriði og í því sambandi skil eldri laga og yngri.

Sóknaraðili gerði fjárnám í bifreiðinni RU-914 6. júlí 1994, eftir að yngri aðfararlög nr. 90/1989 tóku gildi 1. júlí 1992. Fjárnám varnaraðila er frá 4. febrúar 1991, en þá giltu eldri aðfararlög nr. 19/1887.

Í eldri aðfararlögum er það ákvæði í 2. mgr. 50. gr., sem sóknaraðili reisir málalilbúnað sinn á, að sá fjárnámshafi, sem nær fram vörslusviptingu, geti fengið aukinn rétt umfram þá, sem ofar eru í veðröð. Með 1. mgr. 60. gr. laga nr. 90/1989 var þessu breytt. Nú er reglan sú, að fjárnám í lausafé fellur sjálfkrafa niður að liðnu ári, ef nauðungarsölu hefur ekki verið krafist.

Fjárnám sóknaraðila og umráðasvipting bifreiðarinnar á grundvelli þess fór fram eftir gildistöku laga nr. 90/1989. Eldri aðfararlög féllu úr gildi við gildistöku yngri laga 1. júlí 1992. Ágreiningur aðila er um lögskipti, sem fram fóru, eftir að hin nýju lög tóku gildi. Því gilda yngri lög um ágreiningsefnið. Með lögum nr. 90/1989 eru felld úr gildi ákvæði eldri laga um betri rétt þess fjárnámshafa, sem fyrstur nær fram vörslusviptingu.

Niðurstaða málsins er því sú, að kröfur sóknaraðila verða ekki teknar til greina. Staðfest er ákvörðun sýslumannsins í Hafnarfirði, sem tekin var 10. apríl 1995, um úthlutun söluandvirðis bifreiðarinnar RU-914, þ. e., að rétt sé að úthluta upp í fjárnám varnaraðila.

Eftir þessari niðurstöðu verður sóknaraðili úrskurðaður til greiðslu málskostnaðar, að fjárhæð 70.000 kr., og er þá ekki tekið tillit til reglna um virðisaukaskatt.

Gunnar Aðalsteinsson héraðsdómari kvað upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Staðfest er ákvörðun sýslumannsins í Hafnarfirði um, að við úthlutun söluandvirðis bifreiðarinnar RU-914 verði úthlutað upp í fjárnámskröfu varnaraðila.

Sóknaraðili, Glófaxi hf., greiði varnaraðila, þrotabúi Ferðaskrifstofunnar Áfanga hf., 70.000 kr. í málskostnað.
